



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS AÐALRÆÐUMAÐUR Á HEIMSPINGI LIONS HREYFINGARINNAR Í BOSTON

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur á morgun, mánudaginn 3. júlí, aðalræðu á Heimspingi Lions hreyfingarinnar sem haldið er í Boston. Þingið sækja 15 þúsund fulltrúar Lions hreyfingarinnar víða að úr veröldinni og er því ætlað að móta áherslur í starfi hreyfingarinnar á heimsvísu.

Alþjóðaforseti Lions hreyfingarinnar, Indverjinn Ashok Mehta, bauð forseta Íslands að flytja aðalræðuna á heimspinginu. Í ræðu sinni mun forseti Íslands fjalla um mikilvægi frjálsra félagasamtaka á nýrri öld, breytingarnar sem orðið hafa á heimsmyndinni og hvernig ýmis verkefni á sviði hjálparstarfs geta skilað miklu árangri. Þá mun forsetinn einnig lýsa ýmis lærdómum sem draga má af starfi Lions hreyfingarinnar á Íslandi og hvernig reynsla íslenskra Lions manna getur nýst Lions hreyfingunni víða um veröld, einkum í Asíu og Afríku þar sem mikið uppbyggingarstarf Lions hreyfingarinnar mun eiga sér stað á næstu árum.

Auk þess að flytja aðalræðuna á heimspinginu mun forseti eiga viðræður við forystumenn Lions félaga víða að úr veröldinni og kynna sér hvernig starf þeirra getur tengst baráttunni fyrir aukinni velferð og vaxandi skilningi milli ólíkra þjóða og menningarheima.

Heimspingið er haldið í helstu ráðstefnumiðstöð Boston borgar og það sækir fjöldi íslenskra Lions manna.

2. júlí 2006